

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014, svæði við Hástein.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. nóvember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014, frá 4. mars 2005.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota við Hástein stækkar um 4 ha til suðurs að Hraunvegi á kostnað svæðis fyrir þjónustustofnanir sem við breytinguna minnkar um helming.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 6. nóvember 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2006